

**AUGLÝSING****um staðfestingu á deiliskipulagi Innbæjar og Fjöru á Akureyri.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. febrúar 1986 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi Innbæjar og Fjöru á Akureyri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Pórhildur Líndal.*

Nr. 80

10. febrúar 1986

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 445/1978, um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.**

1. gr.

Ný efni á lista IV A:

Steinolía, lyktarlaus.

Steinolía, íblönduð ilmefnum og/eða lit.

Terpentína, lyktarlaus.

Terpentína, íblönduð ilmefnum og/eða lit.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. laga um eiturefni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. febrúar 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*